**Nd.** **421. Breytingartillaga**

við brtt. á þingskjali 420, við frv. til laga um útrýming fjárkláða.

Frá Tryggva Þórhallssyni.

Í stað 2. málsgreinar í 1. brtt. við 1. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Leiði skoðun í ljós, að mikil brögð sjeu að fjárkláða, er atvinnumálaráðherra heimilt að láta fara fram böðun á sauðfje til útrýmingar kláðanum sem fyrst á eftir, en þó því aðeins, að Búnaðarfjelag Íslands og búnaðarsamböndin telji, að heyafli hafi orðið svo mikill, að áhættulaust sje að láta böðunina fara fram þess vegna.